

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Kringla 4 L227914.

Deiliskipulagið tekur til um 22,6 ha svæðis innan jarðarinnar Kringlu 4 L227914. Gert er ráð fyrir 32 nýjum frístundahúsalóðum frá 5.000-8.753 m² að stærð. Innan lóða er heimilt að byggja eitt sumarhús auk geymslu, svefnhúss eða gróðurhúss innan byggingarreits. Nýtingarhlutfall lóða má ekki vera hærra en 0,03. Aðkoma að svæðinu er um Sólheimaveg og inn um Árveg.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. október 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. október 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. október 2020